



**Ræða Maríu S. Gunnarsdóttir 30. mars 2009.  
60 ár frá því að Ísland gekk í Nató.**

**Enginn vill stríð.**

Mér varð á að spyrja:

ég gekk milli manna í bænum

og spurði einfeldningslega  
viljið þið stríð?

ég fór um mörg lönd  
og spurði mennina við veginn,  
mennina á ökrunum  
og mennina í borgunum  
viljið þið stríð?

ég spurði gamlar konur  
sem mundu mörg stríð

enginn vildi stríð.

en maður nokkur dró upp silfurmynt  
beit í hana og sagði:  
Þetta er Enginn.

Enginn vill stríð

(Ólafur Haukur Símonarson)

Gífurlegum fjármunum hefur verið og er kastað í hernaðarbrölt og vopnaframleiðslu. Peningum sem mætti nota til þess að jafna kjör fólks í heiminum. Ábyrgð vopnaframleiðenda á stríðum heims er stór því vopn eru aldrei framleidd í þágu friðar – vopn eru framleidd til þess að drepa. Mennt selja hugvit sitt og krafta í þessa framleiðslu – því hér er mikla peninga að hafa.

Ég er viss um að þið kannist öll við að hafa einhvern tímann lagt krónur í söfnun til uppbyggingar í kjölfar stríða. En hversu margir Íslendingar eru þess meðvitaðir að hafa síðastliðin 60 ár lagt fé til stríðsreksturs?

Saga nýliðinnar aldar er vægast sagt blóðug. Að rifja upp þær aðferðir sem notaðar hafa verið til að „jafna ágreining“ er eins og að villast inn í martröð.

Rjúkandi rústir borga, koluð lík, eyðilegging menningarverðmæta, milljónir örkuðlaðar á líkama og sál, framtíð og draumar gerðir að engu. Hernaðarleg markmið á kostnað óbærilegra þjóninga almennings. Þegar seinni heimsstyrjöld lauk stofnaði grasrótin sem enn lifði friðarhreyfingar en fyrrum erkióvinir skriðu saman, eins og þeir níðingar sem þeir voru, og stofnuðu hernaðarbandalög.

Við tók kalt stríð þar sem milljónum var slátrað í baráttu um völd og auðæfi heimsins.

Víetnam (46-75) , Kórea (50-53), Indónesía (65-75), Kambódía (71-79), Angóla 75-2002), Afganistan (79-89) listinn er langur. Blóðug stríð langt frá ströndum Íslands. Skiptimynt stórvelda í formi mannfalls og eyðileggingar – kallað nauðsynlegur fórnarkostnaður. Þeir sem gagnrýndu voru sakaðir um að vera hallir undir Sovét enda talið réttlæting fyrir þátttöku landsins í hernaðarbandalaginu.

Nató missti hlutverk sitt þegar Varsjárbandalagið var lagt niður í kjölfar hruns Berlínarmúrs og falls Sovétríkjanna, en í stað þess að viðurkenna það, hefur s.l. 20 ár verið lögð mikil vinna í að finna kjarnorkubandalaginu ný markmið og aukin hernaðarleg umsvif. Síðast hér í Reykjavík í janúar.

21. öldin virðist sama marki brennd og sú fyrri. Blóðið rennur eins og áður en hlutfall almennra borgara sem falla verður sífellt hærra.

Það er löngu ljóst að herraþjóðin Bandaríkin notar hernaðarbandalagið til að framfylgja utanríkisstefnu sinni: Balkanskagi, Afganistan, Írak, Afríka.

Og í hverra þágu?

Til að berjast fyrir sjálfstæði ríkja? Fyrir lýðræði?

Fyrir mannréttindum? Nei og aftur nei.

Heimurinn verður síst friðvænlegri þótt hernaðarbandalagið belgist út. Fjölgun meðlima hefur einungis aukið einhliða vald Bandaríkjanna innan þess og það teygir sig lengra og lengra sem vopnað afl „vesturs“ á móti „suðri“ og á móti öllum öflum sem hugsanlega gætu ógnað fjárhagslegum yfirburðum vesturvelda.

Fyrir 60 árum var fólk hér á Austurvelli sem vildi tryggja herleysi og hlutleysi Íslands í hernaðaráttökum og koma í veg fyrir inngöngu landsins í hernaðarbandalag. Þau sjónarmið urðu undir en við sem hér erum mætt í dag krefjumst þess að Ísland standi utan allra hernaðarbandalaga. Þátttaka Íslands í Nató hefur bendlað landið við hernaðaráttök og gert okkur þannig ábyrg fyrir dauða fólks sem við áttum ekkert sökótt við. Þá er einnig ljóst að landi og fiskimiðum stafar hættu af þátttöku í þessu kjarnorkubandalagi.

En þorir þjóðin að ganga úr Nató?

Já, kannski við sem hér erum en hvernig eigum við að sannfæra hin? Sem alin eru upp við að öryggi Íslands felist í því að tilheyra Nató. Það gæti hjálpað þeim að vita að meirihluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eiga ekki aðild að Nató. Að smáþjóðin Malta, eyja sem á um margt sameiginlegt með Íslandi, hafi gengið úr Nató og lifað það af. Að það er ekki samasemmerki á milli þess að vera í Evrópusambandinu og að tilheyra Nató. Sex ríki Evrópusambandsins (Austurríki, Kýpur, Finnland, Írland, Malta og Svíþjóð) eru ekki í Nató – bætur Íslandi í þann hóp.

Höfnum tortryggni og sóun mannlífa, höfnum hernaðarhyggju og gjöreyðingarvopnum

Höfnum því að halda áfram leiðina sem liggur inn í ógnir nýrra martraða...

**Þorum að lifa í friði.**